AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. grein d. lið stofnskrár Evrópuráðsins var við aðild Spánar að ráðinu gerð breyting á 26. grein stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins (sjá auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 2/1977). Var ákveðið að Spánn skyldi öðlast rétt á 10 þingfulltrúum. Tók breyting þessi gildi hinn 9. janúar 1978.

Á grundvelli sömu heimildar var síðan samþykkt breyting um fjölgun fulltrúa bæði Spánar og Tyrklands úr 10 í 12 og tók hún gildi hinn 20. janúar 1978.

26. grein stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal auglýsingar þessarar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. febrúar 1978.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar þannig:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa, sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Luxembourg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5
Portúgal	7
Spánn	12
Svíþjóð	6
Sviss	6
Tyrkland	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands	18.“

Gjört í Strasbourg hinn 20. janúar 1978.

The amended text of Article 26 is worded as follows:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5
Portugal	7
Spain	12
Sweden	6
Switzerland	6
Turkey	12
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

Done at Strasbourg, this 20th day of January 1978.